


## FRÉTTABRÉF FEBRÚAR 2007

Félag dönskukennara



Ágætu félagsmenn!

Þó árið sé vel byrjað og kennsla komin í fullan gang alls staðar, óskar stjórn FDK félagsmönnum gleðilegs nýs árs og þakkar samstarf og þátttöku á vettvangi félagsins síðasliðið ár.

Eins og endranær hefst starfsemin á aðalfundi og verður hann að þessu sinni haldinn þ. 28. febrúar kl. 20.00 í Skólabæ. Dagskrá fundarins verður sem hér segir:

1. Kosning fundarstjóra og ritara.
2. Skýrsla formanns.
3. Ársreikningar 2006.
4. Hækkun félagsgjalda.
5. Nýliðun í stjórn.

Önnur mál

Allir félagsmenn eru velkomnir og verða veitingar í boði félagsins.

Sú dagskrá sem fyrirhuguð er á vegum félagsins á vormisseri þessa árs að aðalfundi loknum, er kaffihúsafundur í Kaffistofunni á Kjarvalsstöðum laugardaginn 10. mars kl. 11.00. Gestur fundarins verður Erna Jessen og ætlar hún að segja okkur frá nýja kennsluefninu sem hún, ásamt Ásdísi Gísladóttur, hefur verið að semja fyrir áttunda bekk grunnskólans.

Undanfarin 2 ár hefur verið haldinn fagfundur í apríl, áður en kennsla hefur lokið þar sem fengnir hafa verið fyrirlesarar til að fjalla um málefni er lúta að dönskukennslu. Af hálfu stjórnarinnar er fullur vilji og áhugi fyrir að slíkur fagfundur verði líka haldinn þetta árið. Hins vegar er það svo, að talsverður kostnaður hefur fylgt þessum fundum, og þykir okkur því nauðsyn bera til að biðja félagsmenn um að senda línu á [fdk@fdk.is](mailto:fdk@fdk.is) og koma með hugmyndir og óskir að efni slíks fundar. Auðvitað er ekki hægt að verða við öllu, en allar góðar hugmyndir og tillögur eru mikilvægar og við í stjórninni meðum svo úr gullkornunum...

## Námskeiðshald – og nú er vandinn að velja!

### Að kenna málið – á málinu – það er málið!

Örnámskeið um byrjendakennslu í erlendum tungumálum á vegum STÍL í húsnæði Endurmenntunar föstudaginn 23. febrúar kl. 13.00-17.00



Hvernig gæðum við byrjendakennslu lífi? Hvernig er hægt að gera nemendur sem eru að taka sín fyrstu skref í því að læra nýtt tungumál að virkum notendum málsins strax frá byrjun? Ef áhugi og aðstæður leyfa stendur til að nota fjarfundabúnað Endurmenntunar til að gefa kennurum úti á landi kost á að vera með. Því er mikilvægt að skrá sig sem fyrst.

Vinsamlega tilkynnið þátttöku á hlekknum:

<http://www.endurmenntun.is/Forsida/Ollnamskeid/Nanarumnamskeid/420V07>

### Að hugsa stórt í smáum skrefum - „Portfolio”

Á komandi sumri, dagana 14. og 15. ágúst, mun Félag dönskukennara, í samvinnu við Endurmenntun Háskóla Íslands, hafa forgöngu um námskeið sem fjallar um nýjar áherslur í tungumálakennslu með sérstöku tilliti til Evrópsku tungumálamöppunnar. Hafdís Ingvarsdóttir, dósent í kennslufræði erlendra tungumála við HÍ, mun hafa umsjón með þessu námskeiði ásamt þeim Lovísu Kristjánsdóttur og Guðrúnu Ragnarsdóttur dönskukennurum í MH. Allar nánari upplýsingar verða í bæklingi Endurmenntunar sem einnig sér um skráningu á námskeiðið.

### Aðalfundur STÍL

Aðalfundur STÍL verður síðan haldinn í Skólabbæ við Suðurgötu föstudaginn 23. febrúar (í beinu framhaldi af námskeiðinu ”Að kenna málið—á málinu—það er málið”). Léttar veitingar að hætti hússins verða í boði frá kl. 18.00. Aðalfundarstörf hefjast klukkan 19.00. Allir félagar velkomnir.

## Raddir ungra norrænna rithöfunda

### Sumarnámskeið í Sigtuna í Svíþjóð



Dagana 30. júlí – 4. ágúst 2007 verður sumarnámskeið Nordspråk haldið í samstarfi við þau fagfélög á Norðurlöndum sem fjalla um kenngslu norrænna mála sem móðurmál eða erlend mál. Hér gefst tækifæri til að hitta kollega á Norðurlöndunum og kynast verkum ungra rithöfunda sem skrifa á skandinavísku málunum.

Verðið er 3.700 Dkr. Umsóknarfrestur er til: 13. apríl. Þeir sem hafa áhuga sendi rafpóst til Guðlaugar Guðmundsdóttur íslenskukennara í MH [gudlaugg@mh.is](mailto:gudlaugg@mh.is)

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Nordspråk. [www.nordskol.org/nordspraak](http://www.nordskol.org/nordspraak)

Námskeiðið er styrkt af Norrænu ráðherranefndinni.

Síðasta samkoma félagsins var hið árlega jólahlaðborð í Kornhlöðunni. Var þar mikið fjör; skemmtidagskrá sem þeir félagarnir Davíð Ólafsson og Stefán Stefánsson stóðu fyrir, auk happadrættis þar sem ýmsum þótti stjórnin sjálf full frek til fjörsins! Maturinn var eins og verið hefur hjá þeim í Kornhlöðunni, frábær og mikið gaman að hittast og eiga góða stund með kollegunum.

**FRÉTTABRÉF FEBRÚAR 2007**

Ábyrgðarmaður: Auður Leifsdóttir  
Hverafold 39, 112 Reykjavík  
Pósthólf 8112, 128 Reykjavík  
Netfang: fdk@fdk.is

